

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna Dalvíkurlínu 2.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. febrúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 6. júní 2023.

Í breytingunni felst mörkun stefnu um Dalvíkurlínu 2, 66 kV jarðstreng frá tengivirki á Rangárvöllum á Akureyri að tengivirki við Dalvík. Gert er ráð fyrir að jarðstrengurinn liggji að mestu leyti meðfram Ólafsfjarðarvegi (82) og ofan á hann verði lagður göngu- og hjólastígur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 26. febrúar 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 12. mars 2024